

Alþingi
Erindi nr. P 140/2622
komudagur 24.5.2012

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2012

Efni: Þingmál 316 - frumvarp til laga um menningarminjar.

Þann 20. febrúar sl. undirrituðu fulltrúar nokkurra félagasamtaka og stofnana sem allar starfa að minjavörslu í landinu sameiginlega umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar. Þessi samtök og stofnanir voru: Fornleifafræðingafélag Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Íslenska ICOMOS-nefndin, Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Félag íslenskra fornleifafræðinga.

Frumvarpið var samið án samráðs við þá faghópa sem að minjavörslu standa og ítrekaðar athugasemdir sem gerðar voru við það á fyrri stigum voru ekki teknar til greina. Enda þótt þessi hópur hafi verið þeirrar skoðunar að lagafrumvarpið væri að mörgu leyti gallað og einkennist af gamaldags viðhorfum til minjavörslu þá taldi hann að unnt væri að gera á því breytingar þannig að það yrði viðunandi.

Athugasemdir hópsins við frumvarpið og tillögur að breytingum á því voru sendar Allsherjar- og menntamálanefnd og í kjölfarið var fulltrúum hópsins boðið að koma á fund nefndarinnar til að gefa frekari skýringar á skoðunum sínum.

Þrátt fyrir góðar undirtektir nefndarmanna á þeim fundi verður ekki betur séð en Allsherjar- og menntamálanefnd hafi ákveðið að hunsa allar tillögur hópsins um breytingar á frumvarpinu. Nefndin virðist ætla að gera það álit sem fram kemur í greinagerð starfsmanna Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um tillögur hópsins að sínu. Þetta álit starfsmanna ráðuneytisins einkennist af því að þeir eru að verja lagafrumvarp sem þeir sjálfir hafa samið. Í afstöðu þeirra kemur fram andúð á málefninu, hroki gagnvart fagþekkingu, misskilnings gætir um tillögur hópsins og útúrsnúningi er beitt til að gera lítið úr þeim.

Vítavert verður að teljast að fagþekking sérfræðinga sé höfð að engu þegar um jafn vegamikil mál er að ræða. Þegar nánast allir þeir aðilar sem koma að minjavörslu og rannsóknum á menningarminjum í landinu gera alvarlegar, ítarlegar og vel rökstuddar athugasemdir við frumvarp um menningarminjar er ljóst að gera þarf umfangsmiklar breytingar á viðkomandi frumvarpi. Ljóst er að ekki mun skapast friður og sátt um lagafrumvarpið eins og það er nú.

Fyrir hönd Fornleifafræðingafélags Íslands
Albína Hulda Pálsdóttir

Fyrir hönd Félags íslenskra fornleifafræðinga
Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fyrir hönd íslensku ICOMOS-nefndarinnar
Hjörleifur Stefánsson

Fyrir hönd námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands
Dr. Orri Vésteinsson